

**Nd.**

## **197. Breytingartillaga**

við frv. til 1. um breyt. á 1. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Jóni Pálmasyni og Sigurði Guðnasyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Fyrsta grein laganna orðist á þessa leið:

Greiða skal árlega  $\frac{1}{2}\%$  gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Skal gjaldið reiknast af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma.

Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarbanka Íslands, er hefur á hendi stjórn hans og reikningshald.

Fé sjóðsins skal um næstu 10 ár skipt á milli búnaðarsambanda landsins í réttu hlutfalli við það, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum. Skulu samböndin verja þessu fé til jarðréktar og annarra félagslegra framkvæmda á sambandssvæðinu, eftir því sem aðalfundur ákveður á hverjum tíma.